

Ed. 699. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., ásamt frádráttarákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

2. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1969 skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1969 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, öðrum en íbúðarhúsnæði, fyrir árið 1968 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1968, miðað við þær eignir, sem hann átti allt árið 1969, en að frádregnum þeim viðbótarfyrningum, sem hann kann að hafa fengið á árinu 1969 vegna gengistaps á árinu 1968.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970, en ákvæði 2. gr. við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.